

REGLUGERÐ

um stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins.

1. gr.

Stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins er deild í stofnverndarstjóði sem starfar samkvæmt 15. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998. Fagráð í hrossarækt annast stjórn sjóðsins.

Sjóðurinn er í vörslu Bændasamtaka Íslands sem annast reikningshald sjóðsins og ávöxtun í samráði við fagráðið. Reikningar stofnverndarsjóðs skulu endurskoðaðir af ríkis-endurskoðun.

2. gr.

Verkefni sjóðsins eru að veita lán og styrki til kaupa á sérstökum úrvalskynbótagripum ef sannað þykir að þeir verði fluttir úr landi að öðrum kosti. Hér væri um að ræða gripi sem gætu haft úrslitaáhrif á erfðabreytileika í stofninum s.s. litafjölbreytni, eða byggju yfir einstæðu kynbótagildi í þeim eiginleikum sem prýða íslenskan hest.

Heimilt er að veita úr sjóðnum fé til þróunarverkefna í hrossarækt. Fagráð auglýsir eftir umsóknum ár hvert og tekur ákvörðun um styrkveitingar.

3. gr.

Óheimilt er að skerða höfuðstól stofnverndarsjóðs að raungildi frá því sem var 1. janúar 1998. Lán úr sjóðnum skulu vera til fimm ára gegn veðum sem fagráð metur gild. Vextir af lánum sem sjóðurinn veitir skulu vera þeir sömu og inneignir sjóðsins bera á hverjum tíma.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 19. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 137 14. apríl 1992 um sama efni.

Landbúnaðarráðuneytinu, 29. júní 1999.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

3. júní 1999

Nr. 471

REGLUGERÐ

um skipulags-, bygginga- og umhverfismál á varnarsvæðum.

1. gr.

Utanríkisráðherra skipar sex manna nefnd, er fer með skipulags-, bygginga- og umhverfismál á varnarsvæðum, í samráði við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Nefndin er skipuð þessum mönnum: Fulltrúa Skipulagsstofnunar, flugvallarstjóra Keflavíkurflugvallar, framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, fulltrúa varnarmálaskrifstofu, forstöðumanni Hollustuverndar ríkisins og manni skipuðum af utanríkisráðherra til 4 ára í senn, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Hann skal hafa sérþekkingu á skipulags- og byggingarmálum.